

Fréttatilkynning vegna undirritunar um rannsóknir og þróun á mögulegri umskipunar- og þjónustuhöfn í Finnafirði.

Formlegur samstarfssamningur á milli Bremenports, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og verkfræðistofunnar EFLU var undirritaður í dag í Ráðherrabústaðnum og voru Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra viðstödd undirritunina.

Með samstarfssamningi þessara aðila er staðfest ákvörðun þeirra að vinna saman að mati á hagkvæmni alþjóðlegrar umskipunar- og þjónustuhafnar í Finnafirði og ábata fyrir nærliggjandi svæði og sveitarfélög. Samningurinn kveður á um réttindi og skyldur aðila við rannsóknir og mat á lagalegum, tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum þáttum framkvæmda. Með samningnum liggur fyrir áætlun um þær rannsóknir sem ráðast þarf í næstu ár. Heildarkostnaður við rannsóknir, umhverfismat og frumhönnun er áætlaður að nemi nokkur hundruð milljónum króna. Bremenports mun leggja til fjármagn til þessara verkefna.

Á yfirstandandi ári verður megin áhersla lögð á söfnun gagna vegna umhverfismats og frumhönnunar og skipulag hafnarinnar. Hafist verður handa við að skoða gróður og fuglalíf á mjög stóru svæði í og við Finnafjörð. Jarðtæknilegar athuganir fara fram og komið verður fyrir veðurstöðvum á svæðinu og mælibaumum. Nákvæmar landmælingar og kortagerð munu ennfremur verða gerðar. Á árinu 2015 halda lífríkisrannsóknir áfram auk þess sem fornleifarannsóknum verður sinnt. Einnig verður lífríki fjöru og fjarðar rannsakað. Frumhönnun hafnarinnar mun hefjast sem og frumskoðun innra skipulags hafnarsvæðisins. Líklegt er að formlegt umhverfismatsferli geti hafist árið 2016 og má reikna með að það taki alls 2 ár. Framkvæmdir við Finnafjörð gætu því hafist árið 2018. Á komandi mánuðum munu eiga sér stað viðræður milli stjórnvalda og þróunaraðila Finnafjarðarhafnar um nauðsynlega innviði og grunngerð við Finnafjörð, s.s. raforkuafhendingu og vegagerð.

Fyrir hönd verkefnisins

Siggeir Stefánsson

Oddviti langanesbyggðar

